

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar

Fundargerð frá stjórnarfundum nr. 1 í Próunarfélaga Keflavíkurflugvallar (PFK) sem haldinn var á bæjarskrifstofum Reykjanesbæjar 27. október 2006 kl. 10:00

Mættir: Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Stefán Þórarinsson, stjórnarmaður.
Kjartan Eiríksson

1. Starfsemi ÞK

- a. Ráðning framkvæmdastjóra
Magnús lagði fram tillögu um ráðningu Kjartans Þórs Eiríkssonar í stöðu framkvæmdarstjóra félagsins. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Stjórnin bauð Kjartan velkominn til starfa og fól honum að rita fundargerð.
- b. Stofnun félags
Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá málum er varða stofnun félagsins.
- c. Þjónustusamningur við ríkið
Rædd var nauðsyn þess að flýta gerð þjónustusamnings við ríkið til að skilgreina megi endanlegt hlutverk Próunarfélags Keflavíkurflugvallar.
- d. Framkvæmdastjóra var farið að ræða við bankastofnanir varðandi bankaviðskipti.
- e. Við innkaup á vörum og þjónustu mun meginreglan verða að viðhöfð verða útboð.
- f. Framkvæmdastjóra var farið að hefja undirbúning að því að koma upp tölvukerfi með netþjóni ásamt vefsíðu.

2. Tæknilegar framkvæmdir

- a. Stjórnarmenn gera sér grein fyrir að flýta þurfi undirbúningi vegna viðhalds-öryggis- og mengunarmála. Þjónustusamningu við ríkið er forsenda þeirra framkvæmda. Einnig þarf að gang frá langtímasamningum um kaup á heitu vatni og raforku.

3. Próunarverkefni

- a. Stjórnin fól framkvæmdastjóra að taka saman lista yfir þau þróunarverkefni sem þegar hafa komið fram hugmyndir um. Stjórnin mun jafnframt leita eftir samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu um uppbyggingu. Þá mun stjórnin leita eftir samstarfi við bæði innlenda og erlenda aðila um hugmyndarvinnu og uppbyggingu á svæðinu.

4. Önnur mál

- a. Huga þarf vel að skipulagsmálum og vinnu við þær hugmyndir sem koma fram.

Fundi slitið kl. 11:30